

## **Ársfundur félagsliða hjá Eflingu þann 26.mars 2015.**

Níundi ársfundur félagsliða var haldinn 8. apríl 2014.

Þar var Lilja Eiríksdóttir gestur en hún hefur verið við nám í framhaldsnámi Borgarholtsskóla undanfarin 2 ár.

Einnig var Salvör Jónsdóttir frá faghópi félagsliða SFR og sagði frá barningum um löggildingu félagsliða og hvar það væri statt hjá Landlæknisembættinu.

Þá var einnig skipað í nýja stjórn faghópsins þar sem Anna Gísladóttir, Skálatúnsheimilinu, Ástríður Hanna Jónsdóttir, Eir-hjúkrunarheimili og Fanney Friðriksdóttir, Norðurbrún voru kosnar til næstu tveggja ára. Harpa Andersen, Ísafold og Kristín Björnsdóttir, Hrafnistu eru áfram í stjórninni til eins árs.

Margt áhugavert hefur verið að gerast á liðnu starfsári svo sem nám í fötlun og heilabilun hjá Mími. Þá hefur framhaldsnám félagsliða verið á fullu skriði hjá Borgarholtsskóla.

Einnig má nefna að fyrsta útskrift félagsliða innan Eflingar úr framhaldsnámi frá Borgarholtsskóla er nú á vormánuðum en það er einnig búið er að útskrifa 34 félagsliða frá Mími og 17 útskrifast 29. maí n.k einnig frá Mími.

### **Nokkrir félagsliðar frá Eflingu stéttarfélagi fóru á málþing þann 10.nóvember s.l. sem haldið var á Akureyri með félagsliðum af landsbyggðinni innan Starfsgreinasambandsins.**

Margt var þar til umræðu m.a. flutti Lilja Eiríksdóttir erindi um framhaldsnám sitt hjá Borgarholtsskóla; "Hverju breytir það á vinnumarkaði að vera félagsliði".

Helga Guðrún Erlingsdóttir og Unnur Harðardóttir frá dvalarheimilinu Hlíð voru með kynningu á öldrunarþjónustu á Akureyri þar sem byggt er á Eden stefnunni.

Sigríður Halldórsdóttir prófessor við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri var einnig með erindið; "sál og taugaónæmisfræðin". Voru þetta allt mjög áhugaverð erindi.

Helstu niðurstöður frá málþinginu voru að félagsliðum finnst menntun þeirra ekki verin metin nægilega til launa.

Að aðrar símenntunarstöðvar þyrftu að fara í samstarf við Mími um styttri námskeið.

Þá þyrfti að kynna störf félagsliða betur, töluvert væri um að atvinnurekendur viti lítið um námið og hvernig félagsliðar myndu nýtast sem best.

Auglýsa þyrfti betur eftir félagsliðum og þeir þyrftu jafnframt að markaðssetja sig betur.

Nefnt var að mikil barátta væri milli félagsliða og sjúkraliða inn á spítölum og þeir þættu of dýrir og fengju ekki næturvaktir.

Einnig var komið inn á hvernig stéttarfélagin gætu beitt sér betur fyrir félagsliða og var óskað eftir liðsinni þeirra til að bera saman nám sjúkraliða og félagsliða.

Þá var eindregin áskorun til stéttarfélaganna að berjast áfram fyrir löggildingu starfsheitisins, lítil hækkun sem félagsliðar fengju við útskrift, skýr skilaboð um að laga þyrfti launatöflu því stutt bil væri á milli launaflokka.

Óskað væri eftir aðstoð við markaðssetningu og að stéttarfélagin kæmu félagsliðum betur á framfæri t.d. gagnvart sveitafélögunum.

Að stéttarfélagin gætu beitt sér betur fyrir aukinni menntun því það veiti félagsliðum sterkari stöðu þegar sótt væri um t.d. deildarstjórstöðu.

Að lokum var almennt ákall um að stéttarfélagin stæðu með félagsliðum og aðstoðuðu við að mynda einingu félagsliða um allt .

Til að uppfylla kröfur sem komu fram á málþinginu varð í framhaldi umræða hjá Starfsgreina-sambandinu að myndaður yrði sér hópur félagsliða innan þeirra raða sem myndi spanna vítt og breytt um landið þar sem að unnið yrði sameiginlega að löggildingunni, launabaráttu og námi.

Þá yrði settur á fræðsludagur í haust sem myndi vera öllum félagsliðum innan Starfsgreina-sambandsins opinn.

Efling-stéttarfélag er aðili að Starfsgreinasambandinu, en eins og áður myndum við halda áfram sem faghópur félagsliða innan Eflingar.

Með þessari yfirferð hér á undan er því öllum ljóst að enn er langt í land með ýmislegt sem varðar félagsliða en við skulum vona að góðir hlutir gerast hægt!

Höldum ótrauð áfram, verum stolt, berum virðingu fyrir okkur, við erum félagsliðar!!